

FEBSEL Fundargerð:

Stjórnarfundur var haldinn hjá Félagi eldri borgara Seltjarnarnesi að Skólabraut 5, kl. 17:30-18:30.

Mættir voru: Sigríður Ólafsdóttir, Stefán Bergmann og Kristbjörg Ólafsdóttir. Ragnheiður og Inga boðuðu forföll.

Málefni:

1. Inga fer á fund við skólafólki 21.11. og eftir það verður hún í stöðu til að segja okkur um gang mála. Hvernig skipulag kennslunnar verður háttað ef af verður og hver aðkoma félagsins verður.
2. Rætt var um Öldungaráðið og hversu máttlaust það hefur verið að undanfögnu. Leitað leiða til að hreyfa við málum þar. Senda um fyrirspurnir t.d. um fyrirhugaða notkun félagsheimilisins eftir viðgerð og hvort hægt væri að fá aðstöðu þar fyrir félagið. Eins að Öldungaráðið hefði milligöngu um kynningu nýráðins skipulagsstjóra á verkefnum í bænum. Aðeins tveir fundir hafa verið í ráðinu á árinu.
3. Bókasafnsfundirnir hafa tekist vel og Pálmi V. Jónsson óskaði eftir því að laun hans fyrir fyrirlesturinn yrðu greidd til UNICEF- stríðshráðra barna. Sigríður hefur þegar gengið frá því. Eins var rætt um áframhaldi á þessum fundum eftir áramót og nú þurfa allir í stjórninni að hugsa upp málefni sem gaman og verðugt væri að fjalla um. Vonandi koma margar tillögur á næsta fundi. Sigríður stakk upp á því að kannski væri hægt að leita til sérfræðinga á okkar aldri hér á Nesinu til að halda tölu.
4. Kristbjörg hefur leitað til Proment varðandi snjalltækja-kennslu í bókasafninu. Þeir virðast enn ekki bjóða upp á neitt annað en samskonar námskeið og við héldum hér í vor og kosta þau ca. 150.000.- og ekki mega vega fleiri 12 manns í hvert skipti. Þetta er alltof dýrt. Bókasafnið er til í samstarf en hefur ekki mannafla eða þekkingu. Svo okkur datt í hug hvort hægt væri að finna einhvern eða einhverja hér sem vildu taka þetta að sér í sjálfboðastarfi. Einhvern sem tilbúinn væri að vera á bókasafninu t.d. hálfan dag einu sinni í mánuði. Ætlum að reyna að koma þessu á framfæri og sjá hvort einhver gefi sig fram.

Seltjarnarnesi 16.11.2023

Kristbjörg Ólafsdóttir